

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 605/2006 um starfsskyldur  
kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tölulið 3.1 í 3. gr.:

1. Stafliður b orðast svo: Starfsskyldur lektora og dósenta í hálfu starfi (50%) eða meira skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
2. Stafliður c orðast svo: Starfsskyldur lektora og dósenta sem eru í minna en hálfu starfi (50%) skiptast í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
3. Á eftir staflið c bætist inn nýr stafliður, svohljóðandi: Starfsskyldur lektora og dósenta í 20% eða minna starfshlutfalli eru ákveðnar af viðkomandi forseta fræðasviðs að höfðu sammáði við starfsmann.
4. Núverandi stafliður d orðast svo: Starfsskyldur aðjúnkta í hálfu starfi (50%) eða meira, aðjúnkta 1, skiptast almennt í 65% kennslu, 31% rannsóknir og 4% stjórnun.

## 2. gr.

2. mgr. I. liðar töluliðar 3.2 í 3. gr. orðast svo, ásamt tilheyrandi töflum:

Hlutfallslega aukin kennsluskylda samkvæmt lið A er eins og fram kemur í töflum A, B og C þegar um fullt starf er að ræða.

<b>Tafla A</b> <b>Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal</b>		<b>Tafla B</b> <b>Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal</b>		<b>Tafla C</b> <b>Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal</b>	
<b>Lektorar og dósentar í fullu starfi</b>		<b>Prófessorar í fullu starfi</b>		<b>Aðjúnktar 1, fullt starf</b>	
Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	49%	9	49%	6	66%
8	50%	8	50%	5	67%
7	51%	7	51%	4	68%
6	52%	6	52%	3	69%
5	53%	5	53%	2	70%
4	54%	4	54%	1	71%
3	55%	3	55%	0	72%
2	56%	2	56%		
1	57%	1	57%		
0	58%	0	58%		

## 3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. desember 2015.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Pórður Kristinsson.*